



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Stærðfræði 1. - 2. bekkur

Kennarar: Belinda Ýr Hilmarsdóttir, Flóki Jakobsson, Linda Heiðrún Þórðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Unnur Björg Stefánsdóttir

Stærðfræði er órjúfanlegur þáttur í menningu og samfélagi og hefur frá upphafi verið notuð til að greina regluleika, túlka veruleikann og þróa hugmyndir um stærð, form, mynstur og samhengi. Með námi í stærðfræði öðlast nemendur hæfni til að ígrunda, setja fram og leysa viðfangsefni, vinna með gögn, beita rökvísi, meta niðurstöður og tjá hugmyndir sínar á nákvæman hátt. Þeir læra að beita stærðfræðilegri þekkingu og leikni til að taka upplýstar ákvarðanir í daglegu lífi, til dæmis um fjármál, neyslu, skipulag og samfélagsþátttöku. Kennsla í stærðfræði á að miða að því að vekja forvitni og traust á eigin getu, hvetja til skapandi hugsunar og stuðla að því að nemendur átti sig á gildi stærðfræðinnar og hlutverki hennar í samtímanum og framtíðinni.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - Stærðfræði](#)

Meginviðfangsefni

- 1. bekkur** flokkun, talning, form og munstur, tölur frá 0-20, mælingar, samlagning og frádráttur
- 2. bekkur** tugur og eining, samlagning og frádráttur, tölfræði, mælingar, tími, samhverfa, sléttar tölur og oddatölur, flatarmál og rúmfræðiform

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Námsgögn

- Sproti 1 og 2 (a og b)



2025 - 2026

Kennsluáætlun Norðlingaskóla

- Ítarefni
- Ipad
- Spil og hlutbundin gögn

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat. Vinna nemenda í tímum er metin með leiðsagnarmati.